

188. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 27.maí 2004 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Eypór Benediktsson, EB
Magnús Ingi Bæringsson, varamaður, MIB
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri ÓJG
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.
Reynir Ragnarsson, endurskoðandi.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. **Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja hans fyrir árið 2003 seinni umræða. Reynir Ragnarsson, endurskoðandi mætir á fundinn.**
Reynir Ragnarsson gerði grein fyrir Ársreikningi Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja hans fyrir árið 2003. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða Ársreikning Stykkishólms og undirfyrirtækja hans fyrir árið 2003. Samþykkt að fela bæjarritara að vera regluvörður gagnvart upplýsingaskyldu til Kauphallar Íslands. Til máls tóku:DS, ÓJG, RR, MIB, HH og RG.
2. **Stofnun hlutafélags um félagsíbúðir Stykkishólmsbæjar.**
Reynir Ragnarsson gerði grein fyrir samþykktum Fasteigna Stykkishólms ehf. Tillaga kom fram að Bæjarstjórn samþykkir að breyta rekstrarformi leigíbúða Stykkishólmsbæjar í einkahlutafélagsform. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn samþykktir fyrir einkahlutafélagið Fasteignir Stykkishólms ehf. Bæjarstjóra ásamt endurskoðanda bæjarins falið að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum. Tillagan samþykkt samhljóða. Til máls tóku: ÓJG, DS, HH, EB og DÞ
3. **Fundargerð bæjarráðs.**
 - 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 373, dags. 24.5.2004.
Fundargerðin er í 17 tölusetnum liðum.
Liður 1.1. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, liður 3, samþykktur. Liður 6 kynntur og ræddur. Þessum lið er vísað til deiluskipulagsvinnu. Liður 8.2. samþykktur. Fundargerð samþykkt samhljóða. Til máls tóku:ÓJG, DS, DÞ, EB, HH og MIB.
Liður 2.1. fundargerð Héraðsráðs, Tillaga kom fram frá bæjarstjóra svohljóðandi: Bæjarstjórn samþykkir framlagaða tillögu héraðsráðs, með þeirri breytingu að samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga vinni þannig að niðurstöður úr vinnu nefndarinnar nýtist sveitarstjórnnum og íbúum til ákvörðunatöku fyrir væntanlegar kosningu 23. Apríl 2005. Slík könnun verði unnin af óháðum aðila. Tillagan var samþykkt samhljóða. Bæjarstjórn tilnefni Dagný Þórisdóttir og Hilmar Hallvarðsson í

samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Til máls tóku:ÓJG, RG, DS, DP, HH og EB.

Liður 4. ráðning í stöðu byggingarfulltrúa/tæknimanns, bæjarstjórn felur bæjarráði að eiga viðræður við þrjá umsækendur.

Liður 5 samþykktur.

Liður 6 samþykktur. Til máls tóku:DS og ÓJG

Liður 8 samþykktur. Til máls tóku:HH og ÓJG

Liður 11 samþykktur. Til máls tóku:ÓJG, DS og RG

Liður 12 er samþykktur.

Liður 13 ræddur. Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningum í samræmi við umræður. Til máls tóku:ÓJG, DS, DP, GK og RG

Liður 15 samþykktur. Til máls tóku:ÓJG, DS og GK

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Til máls tóku: DP, ÓJG og DS

4. Fundargerðir nefnda.

4.1. Fundargerð skipulags- og bygginarnefndar, dags. 4.5.2004.

Fundargerð lögð fram.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

4.2. Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla, dags. 26.4. 2004.

Fundargerð lögð fram.

Fundargerð afgreidd samhljóða. Til máls tók: DP og ÓJG

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:59

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.